

Nr. 17-159 S 120 Kap II VE 7***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1062
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Stálvík, 1967, stál
Stærð: 407,58 brl. 575,28 bt.
Mesta lengd: 52,07 m *Skráð lengd:* 47,0 m
Breidd: 7,90 m *Dýpt:* 6,20 m
Vél: Bergen diesel, 729,0 kw, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Kap II © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. ágúst 2017 var Kap II VE 7 á netaveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: S 4 m/s.

Skipverjinn hafði verið við netaborðið að greiða úr og var að klifra yfir plötu sem notuð var við netaborðið sem bakstuðningur fyrir skipverja sem þar stóðu. Við þetta missti hann jafnvægið með þeim afleiðingum að hann féll aftur fyrir sig og steig með hægri fót á vinkil sem rafsóðinn var við fiskikörfu. Við það rifnaði liðband í ökkla.

Við rannsókn kom fram:

- að eina leiðin að og frá netaborðinu var að klifra yfir bakstuðningsplötuna;
- að skipverjinn var frá vinnu í tvær vikur;
- að skipið var nótaskip sem notað var við netaveiðar;
- að búið er að leggja skipinu tímabundið og er það á leið í breytingar til að lagfæra m.a. vinnuumhverfi skipverja.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var óviðunandi vinnuaðstaða.